

EFTIRLITSSKÝRSLA



UMHVERFISSTOFNUN

Fiskeldi Austfjörðum ehf, Fáskrúðsfirði Fiskeldi Austfjörðum ehf., Fáskrúðsfirði

Dags eftirlits	23.10.2014	Fulltrúi UST	Hákon Hansson
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjörðum ehf, Fáskrúðsfirði	Fulltrúi UST	
Heimili	Vörðu	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristján Ingimarsson	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engar eldiskvíar eru í rekstri hjá fyrirtækinu. Engin frávik eða athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu. Starfsleyfi er bundið við rekstur stöðvarinnar á þremur tilgreindum staðsetningum í Fáskrúðsfirði, um 250-300 metra frá landi, með tveggja kílómetra fjarlægð milli staðsetninga.

UMFANG EFTIRLITS

Rætt var við starfsmenn fyrirtækisins á Djúpavogi um áform fyrirtækisins. Áformað er að hefja starfsemi í Fáskrúðsfirði árið 2015, stefnt er að því að setja út kvíar og annan búnað í firðinum.

Væntanlegar kvíar verða í sunnanverðum Fáskrúðsfirði. Ekið var eftir þjóðvegi um Fáskrúðsfjörð og stoppað á útsýnisstað utan við bæinn Eyri. Gengið úr skugga um að engar kvía eru á þeim staðsetningum sem fyrirtækið hefur heimildir fyrir fiskeldi.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Fyrirtækið er með starfsleyfi til 1. júlí 2017 og hefur heimild fyrir 3.000 tonn framleiðslu á regnbogasilungi á ári en hefur aldrei byrjað rekstur. Fyrirtækinu ber að tilkynna eftirlitsaðila ef starfsemi hefst sbr. grein 1.7 í starfsleyfi.

Starfsleyfið var upphaflega gefið út fyrir Salar Islandica ehf. Þann 19. júní 2012 var það fært á nýjan rekstraraðila, Fiskeldi Austfjörðum ehf sbr. heimild í 27. grein reglugerðar nr. 785/1999 og ákvæði greinar 1.1 í starfsleyfinu. Heimild rekstraraðila er breytt frá upphaflegum texta.

Áður var heimildin bundin við 3000 tonn af þorski á ári en nú er heimildin miðuð við 3000 tonn af regnbogasilungi á ári.

Reykjavík, 01.12.2014

Hákon Hansson

Hákon Hansson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.